

**KAUPSAMNINGUR og AFSAL**

Samkvæmt kaupsamningi og afsali þessu gera kaupandi og seljandi með sér eftirfarandi samkomulag:

**SELJANDI:** Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði.

**KAUPANDI:** Alcan á Íslandi hf. kt. 680466-0179, Straumsvík, 220 Hafnarfirði.

**HIÐ SELDA:** Land sunnan og austan við núverandi athafnasvæði kaupanda í Straumsvík. Landið er 51,95 hektari að flatarmáli. Það afmarkast af hnitapunktum samkvæmt mælibleði umhverfis- og tæknisvæðis Hafnafjarðarbæjar. Mælibleðið er fylgiskjal með kaupsamningi þessum.

Um er að ræða allan eignarhluta seljandi í jörðinni. Hinu selda fylgja öll þau réttindi sem hinu selda fylgir og fylgja ber.

**FORSENDUR KAUPA:** Á hinu selda liggur hluti Reykjanesbrautar. Vegurinn er í eigu Vegagerðar ríkisins. Seljandi ábyrgist að hann muni útvega Vegagerð ríkisins svæði undir þann hluta Reykjanesbrautar sem færa þarf þegar fyrirhugaðar framkvæmdir kaupanda á hinu selda hefjast. Vegurinn skal fluttur eigi síðar en þegar hagsmunir kaupanda krefjast þess. Seljandi skal tryggja að Vegagerð ríkisins verði að fullu upplýst.

Seljandi ábyrgist að hið selda verði rýmt að fullu svo engar eignir óviðkomandi aðila verði á svæðinu við afhendingu. Skuldbinding þessi tekur bæði til þess hluta hins selda sem notað er fyrir geymslusvæði af þriðja aðila, þess hluta þar sem aðstaða er fyrir Bréfdúfufélag og annarra sem kunna að nýta umrætt svæði. Þessi rýming er skilyrði fyrir lokagreiðslu (3.) samkvæmt ákvæðum samnings þessa um kaupverð. Þó er samkomulag um að nota megi vegi sem á svæðinu eru til aðkomu að aðstöðu sunnan við svæðið á meðan fyrirhugaðar framkvæmdir kaupanda eru ekki hafnar.

Á landinu er vatnsleiðsla og rafmagnsleiðsla. Seljandi ábyrgist með undirritun sinni að gagnvart eigendum þessara leiðslna geti kaupandi hagrætt og fært umræddar leiðslur svo þær samrýmist fyrirhuguðum framkvæmdum á hinu selda, án tafa eða mótmæla eigenda. Kaupandi mun engan kostnað greiða af tilfærslum þessum.

**VEÐBÖND:** Hin selda fasteign er seld án veðbanda og kvaða.

RR  
SA  
1  
14

**KAUPVERÐ:** Kaupverð hins selda er **kr. 290.323.000,-** (tvö hundruð níti og fimm milljónir þrjú hundruð tuttugu og þrjú þúsund).

Kaupverðið greiðist þannig:

1. kr. 120.162.000,- Greitt við undirritun
2. kr. 50.000.000,- Greitt 3. janúar 2004.
3. kr. 120.161.000,- Greitt 3. janúar 2005.

**AFHENDING:** Afhending hins selda fer fram við undirritun kaupsamnings þessa.

Seljandi greiðir öll gjöld af landinu, þ.á.m. skatta og önnur gjöld til þess tíma er landið verður afhent og hirðir arð af því til sama tíma.

**ÚTGÁFA AFSALS:** Þetta skjal er einnig afsal.

Kaupandi greiðir stimplun og þinglýsingu kaupsamnings og afsals og annarra skjala sem af samningi þessum stafa.

**ÁGREININGSMÁL** Rísi upp ágreiningur um efni kaupsamnings þessa skulu aðilar freista þess að ná vinsamlegu samkomulagi, en takist það ekki getur hvor aðili um sig höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

**UNDIRRITUN:** Til staðfestu framangreindu undirrita fulltrúar aðila þennan kaupsamning og afsal í viðurvist vitundarvotta.

**Hafnarfirði, 30. desember 2003**

Kaupandi:  
Alcan á Íslandi hf

Rannveig Rist

S. Ásgeirsson  
Sigurður Þór Ásgeirsson

Seljandi:  
HAFNARSTJÓRNIN  
Lúðvík Geirsson

Guðmundur Benediktsson 090253-2989

Vitundarvottar að rétttri dagsetningu,  
undirskrift og lögræðisaldri aðila:

J. Ásgeirsson 190867-5879  
Guðmundur Benediktsson 020543-3749


Fylgiskjal: Mæliblað umhverfis- og tæknisvæðis Hafnafjarðarbæjar.

130,8  
624



**HAFNARFJARDARBÆR  
UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐ**  
ISAL, STRAUMSVÍK, VIÐ REYKJANESBRAUT  
MÆLIBLAD

Teltnr.:	Samþykkt: HS
Máli:	Dags: 10.11.2003
Hanna: HNI/ATH	M.év.:
Teknað: EJ	Breytt:



**HINITASKRÁ**

Pm	X-Heim	Y-Heim
1	337808,788	397660,834
2	352472,868	398616,282
3	352472,868	397338,861
4	352496,011	397338,861
5	352496,011	397337,433
6	352541,138	397337,433
7	353108,308	397338,833
8	353108,308	397338,833
9	353016,387	397780,804
10	352885,879	397252,180
11	352775,049	397085,524
12	352775,049	397001,311
13	352775,049	397003,378
14	352748,888	397003,378
15	352748,888	396896,171
16	352741,338	396896,171
17	352678,057	397005,744
18	352678,057	397005,744
19	352686,538	397005,744
20	352686,538	397005,744
21	351833,883	394492,873
22	352015,425	394337,888
23	352015,425	394337,888
24	352001,074	394818,708
25	351661,745	394660,788
26	351661,745	394660,788
27	351609,808	394832,178

*S.O.*  
*[Signature]*